

stefndi algerlega mótmælt. Stefnandi var fastráðinn starfsmaður og hafði tekið sumarleyfi, áður en til brottvikningar kom. Á hann því ekki rétt á orlofsgreiðslu, og verður því þessi kröfu-liður ekki tekinn til greina.

Um lið 4. Stefnandi krefst fatapeninga að upphæð kr. 10.000.00. Þessum lið hefur stefndi mótmælt. Fatapeningar teljast ekki til fastra launa, og verður því þessi liður ekki tekinn til greina.

Niðurstaða málsins verður því sú, að dæma ber stefnda til þess að greiða stefnanda kr. 98.000.00 ásamt vöxtum, svo sem krafizt er.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 18.000.00.

Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson borgardómari, en dómsuppsaga hefur dregizt venju fremur sökum brottveru dóm-ans úr bænum.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórinn í Kópavogi f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnanda, Ingólfi Finnbjörnssyni, kr. 98.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1966 til greiðsludags og kr. 18.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. marz 1969.

Nr. 30/1968. **Hitavirkjun h/f**

(Sigurður Sigurðsson hrl.)

gegn

Sigurjóni Guðmundssyni og gagnsök

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Verksamningar.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 21. febrúar 1968. Krefst hann sýknu af kröfu gagnáfrýjanda

og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. febrúar 1968. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 76.868.29 með 6% ársvöxtum af kr. 85.400.00 frá 24. marz 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 14. júlí 1960, 9% ársvöxtum af kr. 76.868.29 frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms og þar sem krafa gagnáfrýjanda verður eigi talin ósanngjörn, sbr. grunnrök 5. gr. laga nr. 39/1922, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilegur kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Hitavirkjun h/f, greiði gagnáfrýjanda, Sigurjóni Guðmundssyni, kr. 12.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. desember 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 18. f. m., hefur Sigurjón Guðmundsson pípulagningameistari, Brekkustíg 7 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 12. marz 1963, á hendur Hitavirkjun h/f, Hafnahreppi í Gullbringusýslu, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 76.868.29 með 6% ársvöxtum af kr. 85.400.00 frá 24. marz 1959 til 22. febrúar 1960, með 9% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 16. júlí 1960, en af kr. 76.868.29 frá þeim degi til 29. desember 1960 og með 7%

ársvöxtum af kr. 76.868.29 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum jafnframt dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefnandi kveður málavexti þá, að það hafi verið haustið 1958, sem hann og verkstjórar stefnda, þeir Jóhann Valdimarsson og Gunnar Gestsson, hófu að ræða um ákvæðisvinnu við blikklögn að blásarasamstæðum í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli, Air Force Hangar. Kveður stefnandi verkið hafa verið boðið út af Íslenzkum Aðalverktökum til þriggja aðilja og hafi stefndi gert lægsta tilboð í verkið, eða kr. 35.000.00. Stefnandi kveður starfsmenn varnarliðsins hafa áætlað efnisþunga til verksins um 20.000 lbs. Í framhaldi af þessu kveðst svo stefnandi hafa gert tilboð í ákvæðisvinnu við uppsetningu lagnarinnar miðað við fyrrgreint efnismagn og hafi tilboð sitt numið um kr. 25.000.00—30.000.00. Kveðst stefnandi á þessum tíma hafa starfað sem pípulagningameistari hjá stefnda, en hann kveður fyrirtækið hafa annazt bæði pípulagnir fyrir Íslenzka Aðalverktaka svo og uppsetningu á blikklögnum. Þegar hér var komið, kveður stefnandi Íslenzka Aðalverktaka hafa umreiknað efnismagn og hafi þá efnisþunginn aukizt og verið kominn í 40.000 lbs. Í framhaldi af þessu kveður svo stefnandi Íslenzka Aðalverktaka hafa samið við stefnda um að taka að sér umrætt verk fyrir kr. 70.000.00, eða kr. 1.75 fyrir hvert pund. Er hér var komið, kveðst stefnandi hafa samið munnlega við Jóhann Valdimarsson, með fullri vitund Gunnars Gestssonar, um að taka að sér verkið fyrir kr. 50.000.00 með áætluðum efnisþunga 40.000 lbs. Kveður stefnandi tilskilið hafa verið, að allt efni og verkfæri væru á staðnum, en sjálfa lögnina kveður hann hafa verið smíðaða á blikksmíðaverkstæði Íslenzkra Aðalverktaka. Stefnandi kveðst svo hafa ráðið Jóhannes Einarsson sér til aðstoðar og kveður svo hafa verið um samið, að hann fengi kr. 5.000.00 meir af tilboðsfjárhæðinni en Jóhannes. Stefnandi kveður þá Jóhannes hafa byrjað að vinna við verkið hinn 16. desember 1958 og hafi þeir unnið við það að staðaldri, en þó hafi þeir hjálpað stefnda við önnur verk, þegar með þurfti, enda hafi þeir verið á föstu kaupum hjá stefnanda, en hafi átt að fá greitt fyrir ákvæðisvinnuna þar fyrir utan. Kveður stefnandi þá Jóhann Valdimarsson

og Gunnar Gestsson, verkstjóra stefnda, hafa ráðið því, hvenær þeir hafi unnið við ákvæðisvinnuverkið og hvenær þeir hafi unnið að öðrum störfum fyrir stefnda. Stefnandi kveður þá Jóhannes ekki hafa unnið lengi við verkið, er í ljós hafi komið, að ekki hafi verið hægt að framkvæma verkið eftir uppdrætti þeim, sem upphaflega hafði verið gerður. Kveður hann síðan ýmis frávik hafa verið gerð frá uppdrættinum, jafnóðum og verkið var unnið. Hann kveður nýjan uppdrátt ekki hafa verið gerðan, heldur hafi verið gerðar vinnuteikningar af hverjum hlut fyrir sig með nauðsynlegum breytingum. Stefnandi kveður breytingar þessar hafa aukið efnisþungann svo, að hann hafi aukizt úr 40.000 lbs. í 68.328 lbs. Stefnandi kveður stefnda hafa fengið uppbót frá Íslenzkum Aðalverktökum, sem numið hafi kr. 49.573.00. Stefnandi kveður sér hafa verið orðið ljóst, áður en verkinu lauk, að efnismagnið yrði langtum meira en áætlað hafði verið. Kveðst hann hafa fært þetta í tal við Einar Eyfells verkfræðing, sem verið hafi eftirlitsmaður við verkið, og sagzt vilja leggja niður vinnu, á meðan athugun færi fram á þessu atriði. Kveður stefnandi Einar hafa talið það óþarft, því að hann mundi fylgjast með þessu, og hafi hann sagzt mundu ábyrgjast réttláta uppbót fyrir hinn aukna efnisþunga. Stefnandi kveður þá Jóhannes hafa lokið verkinu hinn 24. marz 1959. Kveðst hann, nokkru eftir að verkinu lauk, hafa farið á blikksmíða-verkstæði Íslenzkra Aðalverktaka og fengið vottorð um, að efnisþunginn væri 71.664 lbs. Hann kveður þó síðar hafa komið í ljós, að þetta var ekki alveg rétt tala. Þegar að loknu verkinu kveðst stefnandi hafa tilkynnt Gunnari Gestssyni og síðar Jóhanni Valdimarssyni um hið aukna efnismagn og gert kröfu um uppbót á tilboðsfjárhæðina í hlutfalli við aukningu efnismagnsins. Kveðst hann síðan hafa farið fram á, að athugun yrði gerð á þessu atriði og endanlega frá því gengið. Hann kveður þá athugun hafa farið fram hinn 4. ágúst 1959 og hafi auk sín unnið að athugun þessari þeir Einar Eyfells og Gunnar Gestsson. Að lokinni athugun þessari kveður stefnandi í ljós hafa komið, að efnisþunginn hafi aukizt um 28.328 lbs. í stað 31.664, eins og áður hafi verið talið. Stefnandi gerði nú kröfu um uppbót á verklaunin að fjárhæð kr. 35.400.00, eða samtals fyrir verkið í heild kr. 85.400.00. Kveðst stefnandi hafa gert ítrekaðar tilraunir til að fá viðunandi lausn á þessu máli, en án árangurs. Stefnandi kveðst, á meðan á ákvæðisvinnunni stóð, hafa fengið greitt hið fasta vikukaup sitt svo og eftirvinnu og næturvinnu,

sem hann hafi unnið á sama tímabili, að undanskildri fjárhæð, sem nemur mismun á sveinakaupi og meistarakaupi. Ekki kveðst hann hafa getað gert sér grein fyrir því, hvort greiðslur þær, sem hann fékk greiddar, á meðan hann vann að ákvæðisvinnuverkinu, hafi verið greiðslur upp í það verk, þar sem greiðslurnar, sem hann fékk, hafi ekki verið sundurliðaðar, og hafi hann því ekki getað gert sér grein fyrir því, fyrir hvað var greitt hverju sinni. Stefnandi kveðst hafa skilað vinnulistum til stefnda, á meðan hann vann að ákvæðisvinnuverkinu. Ekki kveðst hann geta fullyrt, hvað hann hafi fært á vinnulista þessa, en telur, að þar komi fram öll sú vinna, sem hann hafi unnið.

Vitnið Einar Eyfells verkfræðingur hefur skýrt svo frá, að í samningum Íslenzkra Aðalverktaka og stefnda hafi í upphafi verið gert ráð fyrir 40.000 lbs. efnismagni, en þetta hafi breytt vegna óumflýjanlegra breytinga í 68.328 lbs. Kveður vitnið stefnda hafa fengið hækkun frá hinu upphaflega samningsverði sem þessu svaraði. Vitnið kveður það rétt, að stefnandi, sem stjórnaði framkvæmd verksins á vinnustað, hafi fært í tal við sig, að breytingar hefðu orðið á efnismagni, og kveðst hafa unnið að útreikningi á efnismagninu af þessu tilefni. Vitnið kveður stefnda hafa verið samningsaðilja Íslenzkra Aðalverktaka um framkvæmd verksins og hafi það því verið Íslenzkum Aðalverktökum óviðkomandi, hvernig stefndi lét framkvæma verkið. Kveðst vitnið því í samtölum sínum við stefnanda aðeins hafa ábyrgt stefnda hlutfallslega hækkun fyrir verkið.

Jóhann Valdimarsson, hluthafi í hinu stefnda félagi og einn af stjórnarmönnum þess, hefur skýrt svo frá, að stefndi hafi tekið að sér framkvæmdir við blikklögn í flugskýli ameríska flughersins á Keflavíkurlflugvelli. Jóhann kveður stefnda hafa gert tilboð í framkvæmd verksins og hafi það verið miðað við ákveðna fjárhæð miðað við hvert enskt pund af efni, sem til verksins fór. Kveðst Jóhann síðan hafa samið við stefnda um það, að hann tæki að sér í ákvæðisvinnu framkvæmdir við verkið. Kveður hann þetta trúlega hafa verið haustið 1958. Jóhann kveður stefnanda hafa verið búinn að leggja blikklögn í kvikmyndahúsið á Keflavíkurlflugvelli og hafi hann því verið orðinn kunnugur slíkum lögnum. Þegar svo að því kom, að stefndi var búinn að taka að sér blikklögn í flugskýlið samkvæmt tilboði, hafi komið fram hjá stefnanda, að hann vildi taka verkið að sér. Ekki kveður Jóhann þá hafa rætt um væntanlegt endurgjald fyrir verkið, er hann og stefnandi ræddu um

það í upphafi, en er að því leið, að byrja þurfti á verkinu, kveður hann stefnanda ekki hafa viljað taka það að sér fyrir minna en kr. 50.000.00. Kveðst Jóhann hafa orðið að ganga að því. Ekki kveður Jóhann hafa verið minnzt á efnisþyngd, er til verksins skyldi fara, er þeir ræddust við. Kveður hann í samningnum við stefnanda ekki hafa verið miðað við ákveðna efnisþyngd, heldur fastákveðið verð fyrir framkvæmd verksins, kr. 50.000.00. Jóhann kveður stefnanda hafa fengið greidd vikuleg laun sín upp í ákvæðisvinnuna og er verkinu hafi verið lokið, hafi sézt, hver mismunur hafi verið á greiddu og ákveðnu kaupi samkvæmt samningunum. Jóhann kveður það hafa komið fyrir, að stefnandi hafi unnið að öðrum verkum fyrir stefnda á því tímabili, er hann vann að ákvæðisvinnuverkinu, en það hafi verið greitt sérstaklega og hafi þá þar að lútandi vinnuseðlar verið merktir „tímavinna“. Jóhann kveður það ekki rétt, að stefnandi hafi verið á föstu kaupi hjá stefnda og hafi átt að hafa ákvæðisvinnuna þar fyrir utan. Jóhann kveður miðað hafa verið við það í útboði Íslenzkra Aðalverktaka, að efnisþyngd, sem til verksins færi, væri 40.000 ensk pund. Ekki kveðst Jóhann muna eftir því, hvort breytingar hafi verið gerðar á framkvæmd verksins miðað við teikningar. Ekki kveðst Jóhann efast um, að upplýsingar þær, sem fram koma hjá Einari Eyfells um framkvæmd verksins séu réttar.

Gunnar Gestsson, sem var hluthafi í hinu stefna félagi og einn af stjórnarmönnum þess á árinu 1958, hefur skýrt svo frá, að gerður hafi verið samningur milli aðilja máls þessa um það, að stefnandi tæki að sér framkvæmd blikkvinnu við flugskýli á Keflavíkurflugvelli, Air Force Hangar. Kveðst Gunnar hafa staðið að þessum samningi við stefnanda fyrir hönd stefnda ásamt Jóhanni Valdimarssyni. Kveður Gunnar svo hafa verið um samið, að stefnandi tæki að sér framkvæmd verksins fyrir ákveðna fjárhæð. Gunnar kveður Íslenzka Aðalverktaka hafa reiknað út efnisþyngd þá, sem til verksins skyldi fara, áður en verkið hófst, og hafi þá komið í ljós, að útreikningar Bandaríkjamanna þeirra, sem reiknað höfðu þetta í upphafi, hafi verið rangir. Kveður Gunnar sig minna, að hin útreiknaða efnisþyngd hafi hér um bil tvöfaldast. Gunnar kveður það raunverulega hafa verið sama verkið, sem aðiljar hafi samið um, að stefnandi tæki að sér fyrir kr. 50.000.00, og verk það, sem stefnandi hafi áður verið búinn að bjóða í kr. 25.000.00—30.000.00. Kveður Gunnar þarna hafa verið um sömu verk að ræða samkvæmt teikningu, en munurinn

hafi aðeins legið í því, að efnisþunginn hafi verið vitlaust reiknaður í upphafi. Gunnar kveður það kunna að vera, að í samningunum við stefnanda hafi verið rætt um efnisþunga þann, sem fara skyldi til verksins, en hann kveður efnisþungann ekki hafa verið grundvöll endurgjalds þess, sem stefnandi hafi átt að fá fyrir framkvæmd verksins. Gunnar kveður teikningu og verk lýsingu hafa legið fyrir, þegar samið var um framkvæmd verksins. Kveðst Gunnar telja víst, að han hafi kynnt stefnanda verk lýsingu fyrir umrætt verk, áður en það hófst og á meðan á því stóð. Gunnar kveðst hafa fylgzt með framkvæmd verksins og kveður fljótlega hafa komið í ljós, að óframkvæmanlegt hafi verið að vinna verkið að öllu leyti, eins og gert hafi verið ráð fyrir á teikningum. Er þetta kom í ljós, kveður hann teikningum hafa verið breytt og hafi verkið svo verið unnið áfram eftir hinum nýju teikningum. Gunnar kveður sér kunnugt um það, að breyting hafi orðið á efnisþunga, sem til verksins fór, vegna lengingar á stökkum. Kveðst hann að verkinu loknu hafa farið yfir hinar breyttu teikningar ásamt Einari Eyfells og kveðst hafa séð, að verkið hafi verið endanlega unnið samkvæmt þeim. Hins vegar kveðst hann ekki hafa unnið að út-reikningi á efnisþunganum. Gunnar kveður stefnda hafa fengið uppbót hjá Íslenskum Aðalverktökum vegna hins aukna efnismagns, sem til verksins fór, en ekki kveðst hann nú muna, hversu hári fjárhæð sú uppbót nam.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að stefnandi hafi verið fastur starfsmaður stefnda og hafi hann átt rétt á föstum vikulegum launum sem meistari í iðngrein sinni. Auk þess hafi hann svo átt að fá greitt fyrir ákvæðisvinnu þá, sem hann tók að sér við flugskýlið (Air Force Hanger), kr. 50.000.00 miðað við efnisþyngd 40.000 lbs., eða kr. 1.25 fyrir hvert enskt pund. Vegna breytinga þeirra, sem á verkinu urðu, og aukins efnisþunga, sem til verksins fór, eigi stefnandi rétt á hlutfallslegri hækkun verklauna fyrir ákvæðisvinnuna samkvæmt reglum um rangar og brestandi forsendur. Er því haldið fram, að þessi hlutfallslega hækkun nemi kr. 35.400.00 og nemi því heildarendurgjald fyrir ákvæðisvinnuna kr. 85.400.00. Frá þessari fjárhæð hefur svo verið dregin greiðsla sú, sem stefndi greiddi inn á nafn stefnanda í Landsbanka Íslands hinn 16. júlí 1960, kr. 10.146.71.

Kröfur stefnda eru byggðar á því, að stefnanda og samstarfsmanni hans, Jóhannesi Einarssyni, hafi þegar verið greitt allt það, sem þeim hafi borið fyrir umrædda ákvæðisvinnu. Er því

haldið fram, að stefnandi hafi tekið að sér umrædda ákvæðisvinnu fyrir ákveðið verð, kr. 45.000.00, auk kr. 5.000.00 auka-greiðslu til hans sjálfs fyrir að standa fyrir verkinu. Stefnandi og samstarfsmaður hans, Jóhannes Einarsson, hafi svo, meðan á framkvæmdum stóð, skilað vinnulistum yfir þá vinnu og aðra, sem þeir inntu af hendi fyrir stefnda, og hafi þeir fengið vikulega greidd vinnulaun sín samkvæmt því. Er ákvæðisvinnu lauk, hafi þeir svo átt að fá greiddan mismun verklaunanna fyrir ákvæðisvinnuna, kr. 50.000.00, og þeirra fjárhæða, sem þeir samanlagt höfðu fengið greiddar vikulega, meðan á verkinu stóð, fyrir þá vinnu, sem þeir höfðu innt af hendi við það. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að er ákvæðisvinnunni lauk, hafi stefnandi verið búinn að fá greitt upp í verklaun sín við það kr. 17.945.71, en Jóhannes Einarsson kr. 17.085.53 samkvæmt vikulegum vinnulistum. Hafi stefnandi því átt eftir að fá greitt fyrir verkið kr. 5.146.71 auk þeirra kr. 5.000.00, sem hann hafði átt að fá fyrir að standa fyrir verkinu, eða samtals kr. 10.146.71. Þessa fjárhæð hafi stefndi lagt á nafn stefnanda í Landsbanka Íslands hinn 14. júlí 1960, enda hafi stefnandi neitað að taka við lokagreiðslunni, er hún var boðin fram hinn 30. júlí 1959. Þá er því og haldið fram, að Jóhannes Einarsson hafi, er verkinu lauk, verið búinn að fá greitt fyrir vinnu sína við það kr. 17.085.53 og hafi hann þá átt eftir að fá greitt fyrir þá vinnu kr. 4.822.22, en sú fjárhæð hafi verið greidd Jóhannesi hinn 15. ágúst 1959 sem fullnaðargreiðsla til hans og hafi hann kvittað fyrir athugasemdalaust. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að stefnandi og samstarfsmaður hans, Jóhannes Einarsson, hafi fengið greitt það, sem þeim hafi borið fyrir verkið. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að efnisþungi, sem til verksins skyldi fara, hafi aldrei komið til tals við samningsgerð aðiljanna og hafi því efnisþungi ekki verið forsenda fyrir ákvörðun endurgjalds fyrir verkið. Er því haldið fram í þessu sambandi, að aukning efnisþungans hafi stafað af ónákvæmni í áætlunargerð. Er því og haldið fram, að eigi sé óhjákvæmilegt, að aukning efnisþungans hafi haft í för með sér aukna vinnu.

Samkvæmt því, sem fram er komið um samning aðiljanna um verk það, sem stefnandi tók að sér að framkvæma í ákvæðisvinnu, þá þykir verða að skýra það þannig, að stefndi skyldi greiða ákveðna fjárhæð fyrir framkvæmd verksins, kr. 50.000.00, en stefnandi og Jóhannes Einarsson skyldu vikulega fá greidd laun samkvæmt vinnulistum, sem þeir skiluðu yfir vinnu sína

við verkið svo og önnur störf utan þess, sem þeir framkvæmdu á sama tímabili. Að lokinni framkvæmd verksins fengi síðan stefnandi það, sem á vantaði, að það, sem greitt hafði verið fyrir verkið samkvæmt vinnulistum, næði samningsfjárhæðinni, kr. 50.000.00.

Það er þó ágreiningslaust, að af fjárhæð þessari hafi stefnandi átt að fá sérstaklega kr. 5.000.00 fyrir að standa fyrir framkvæmd verksins. Þykir stefnandi ekki hafa fært nægileg rök að því, að hann hafi auk vikulegra greiðslna samkvæmt vinnulistum fyrir ákvæðisvinnuna átt að fá ákvæðisvinnulaunin óskert, þótt hann væri fastur starfsmaður stefnda. Það verður að telja, að það hafi verið forsenda fyrir laununum fyrir ákvæðisvinnuna, sem samið var um, kr. 50.000.00, að ekki yrði veruleg breyting á framkvæmd verksins frá því, sem gert var ráð fyrir, að aðiljarnir sömdu. Af skýrslu stefnanda, sem studd er framburði Einars Eyfells, og með hliðsjón af framburði Gunnars Gestssonar þá verður að telja fram komið, að orðið hafi verulegar breytingar á framkvæmd verksins, eftir að aðiljarnir sömdu um framkvæmd þess. Verður að telja, að breytingar þessar hafi verið svo verulegar, að brostnar hafi verið forsendur fyrir verklaunum þeim, sem aðiljarnir höfðu samið um, kr. 50.000.00, og eigi stefnandi rétt á að krefja stefnda um hækkun verklaunanna. Samkvæmt því, sem fram er komið, verður að miða við það, að efnismagn það, sem gert hafi verið ráð fyrir, að færi til verksins, næmi 40.000 lbs., en efnismagn það, sem endanlega fór til verksins, 68.328 lbs. Þykir þessi hlutfallslega hækkun réttilega reiknuð í kröfugerð stefnanda kr. 35.400.00 og heildarverklaunin kr. 85.400.00.

Í málinu hefur verið lagt fram allmikið af vinnulistum stefnanda og Jóhannesar Einarssonar fyrir tímabil það, sem ákvæðisvinnan var framkvæmd á, og einnig hefur verið lagt fram nokkuð af launamiðum fyrir sama tímabil. Ekki þykja gögn þessi svo samfelld, að rétt þyki að byggja á þeim. Hefur og komið fram af hálfu stefnanda, að ekki liggi fyrir allir vinnulistar og launamiðar fyrir greint tímabil. Hins vegar hefur verið lagt fram uppgjör, sem stefndi hafði sent stefnanda. Kemur þar fram sundurliðun á vinnustundafjölda þeirra stefnanda og Jóhannesar Einarssonar, sem til ákvæðisvinnunnar fóru, og tilgreindar þær fjárhæðir, sem stefndi telur, að þeir hafi fengið greiddar vikulega upp í verklaunin, stefnandi kr. 17.945.54 og Jóhannes Einarsson kr. 17.085.22. Kemur fram á uppgjöri þessu, að stefnandi hafi þá átt eftir að fá greiddar kr. 10.146.71 og Jóhannes Einarsson

kr. 4.822.22. Er í uppgjöri þessu við það miðað, að verklaunin fyrir ákvæðisvinnuna hafi numið kr. 50.000.00. Þykir verða að leggja uppgjör þetta til grundvallar við úrlausn málsins, enda hefur eigi verið mótmælt sérstaklega vinnustundafjöldi þeim, sem þar er talið, að farið hafi til verksins. Eins og áður segir, átti stefnandi eftir að fá greiddar kr. 10.146.71 af hluta sínum af verklauninum fyrir ákvæðisvinnuna samkvæmt uppgjöri þessu, en Jóhannes Einarsson kr. 4.822.22. Stefnandi greiddi Jóhannesi fjárhæð þessa gegn kvittun hans hinn 13. júlí 1959, en fjárhæð stefnanda lagði stefndi sem geymslufé á nafn stefnanda á reikning í Landsbanka Íslands hinn 14. júlí 1960, og var það tilkynnt stefnanda samdægurs með bréfi. Hinn 10. september 1959 hafði lögmaður stefnanda ritað stefnda kröfubréf til heimtu á kr. 44.503.84. Í þessu sambandi er því haldið fram, að stefnanda hafi verið boðin greiðsla á framangreindum eftirstöðvum, kr. 10.146.71, hinn 30. júlí 1959, en stefnandi hafi synjað viðtöku fjárlins. Einnig er því haldið fram, að fyrirvaralaus kvittun Jóhannesar Einarssonar fyrir fé því, sem hann veitti viðtöku, leiði til þess, að ekki sé frekari grundvöllur fyrir frekari kröfum vegna ákvæðisvinnu Jóhannesar. Stefnandi samdi við stefnanda um framkvæmd ákvæðisvinnunnar, en hann fékk síðan Jóhannes Einarsson til að vinna verkið með sér. Þykja greiðslur þær, sem Jóhannes tók við og kvittun sú, sem hann gaf fyrir síðustu greiðslunni, því ekki firra stefnanda rétti til að hafa uppi frekari kröfur á hendur stefnda í máli þessu. Jóhannes Einarsson hefur og fram-selt stefnanda þær kröfur, sem hann kann að hafa átt á hendur stefnda af þessum sökum. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, hafa stefnandi og Jóhannes Einarsson fengið greiddar samtals kr. 50.000.00 fyrir ákvæðisvinnuna. Stendur þá eftir hækkun sú, sem stefnandi á rétt á vegna breytinga þeirra, sem á verkinu urðu, kr. 35.400.00, eins og áður er rakið. Verður stefndi dæmdur til að greiða þá fjárhæð ásamt vöxtum frá 24. marz 1959. Stefnandi hefur og krafizt vaxta af fjárhæð þeirri, sem stefndi lagði á nafn hans í Landsbanka Íslands, kr. 10.146.71. Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði einnig vexti af þeirri fjárhæð frá 24. marz 1959, enda er eigi í ljós leitt, að fjárhæð þessi hafi verið boðin fram á fullnægjandi hátt. Er og á það að líta, að stefndi gat þá þegar komið fjárhæðinni í löggeymslu í Landsbanka Íslands.

Niðurstaða málsins verður því, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 35.400.00 með 6% ársvöxtum af kr.

45.546.71 frá 24. marz 1959 til 22. febrúar 1960, með 9% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 14. júlí 1960, af kr. 35.400.00 frá þeim degi til 29. desember 1960, með 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 11.000.00 í málskostnað. Er þá tekið tillit til greiðslu þeirrar, sem greidd var, eftir að innheimtutilraunir hófust.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Pétri Pálssyni verkfræðingi og Sveini A. Sæmundssyni blikksmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Hitavirkjun h/f, greiði stefnanda, Sigurjóni Guðmundssyni, kr. 35.400.00 með 6% ársvöxtum af kr. 45.546.71 frá 24. marz 1959 til 22. febrúar 1960, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júlí 1960, af kr. 35.400.00 frá þeim degi til 29. desember 1960, með 7% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 11.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. marz 1969.

Nr. 170/1968. **Sigurður Baldursson f. h. Hermanns Haraldssonar** (Sigurður Baldursson hrl.)
 gegn
Sigtryggi Eypórssyni og Þóreyju Eypórsdóttur (Páll S. Pálsson hrl.)
 og **Friðjóni Skarphéðinssyni, yfirborgarfógeta í Reykjavík, til réttargæzlu.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík í bréfi 26. apríl 1967 tók Kristján Kristjánsson yfirborgarfógeti hinn